



Grunnmynd mhl. 01  
M 1:100




Suðvestur hlið  
M 1:100




Suðaustur hlið  
M 1:100



Norðaustur hlið  
M 1:100



Norðvestur hlið  
M 1:100



Sneiðing  
M 1:100

**Byggingarlýsing:**

Hvítárbraut 9, Grímsnes- og Grafningshreppi  
Fristundahús  
Matshluti 01  
Landeignanúmer: L169724  
Staðgreinir: 8719-1-88400090  
Lóðastærð: 10000m<sup>2</sup>

Um er að ræða fristundahús sem byggt var árið 1973. Síðar hefur verið byggð geymsla/þvottahús við norðurenda hússins. Húsið er timburhús, byggt samkvæmt reglum þess tíma. Grunnflötur hússins er 62,9m<sup>2</sup> og geymslunnar 12,1m<sup>2</sup>. Alls er 75,0m<sup>2</sup>. Á lóðinni er einnig nýrra fristundahús, mhl. 03, sem byrjað var að byggja árið 2018 og baðhús, mhl. 02, byggt 1988. Auk þess eru gróðurskýli og leikkofi á lóðinni.

Undirstöður og gólf:  
Gólf er úr timbri, einangrað og stendur á dregurum sem standa á steinsteyptum undirstöðum.

Útveggir:  
Útveggir eru byggðir upp úr timbri, einangraðir og klæddir að utan með liggjandi timburglæðningu á loftumargrind og að innan eru veggir klæddir með innanhúsklæðningu. Veggþykkt er alls um 250mm.

Þak:  
Þak á fristundahúsinu er tvíhalla en einhalla yfir geymslu/þvottahúsi. Þak er byggt upp með timbursperrum einangrað, klætt bærustáli að utan en loftaklæðningu að innan.

Innveggir:  
Innveggir eru byggðir upp með timburstöðum, einangraðir og klæddir innanhúsklæðningu.

Gluggar og hurðir:  
Gluggar eru úr timbur prófilum og hurðir úr timbri.

Loftræsting:  
Loftræsting er um opnanleg fög í gluggum.

Lagnir:  
Hitaveita er á staðnum. Inntök eru staðsett í geymslu/þvottahúsi. Neyslu- og hitalagnir eru lagðar í veggjum. Húsið er hitað með vatnsöfnum. Frárennsli er lagt í rotþró sem staðsett er á lóðinni. Raflagnir er lagðar í loftum og í veggjum.

Brunavarnir:  
Reykskynjarar og handslökkvitæki skulu vera staðsett skv. gr. 9.4.3 og 9.4.4 í byggingarreglugerð. Reykskynjarar eru staðsettir í alrými, svefnrymum og í geymslu/þvottahúsi, samtengdir. Flóttaleiðir er um inngangsdyr og svalahurð. Frágangur umhverfis eldstæði og reykkrör skal vera samkvæmt reglugerðum og leiðbeiningum brunayfirvalda. Næsta slökkvistöð er á Selfossi í u.þ.b. 16km fjarlægð.

Sorp:  
Losun á sorpi skal vera í samræmi við reglur og kröfur sveitarfélagsins hverju sinni.

Helstu stærðir: (sjá skráningartöflu)  
Brúttóflatarmál húss ..... 75,0m<sup>2</sup>  
Brúttórúmmál húss ..... 242,5m<sup>3</sup>

**Skýringar á táknum:**

Noteininganúmer 0101  
Rafmagnstafla T  
Reykskynjari R  
Slökkvitæki SL  
Gólfniðurfall nf  
Kótar 0,00 0,00

Vistað 15.4.2024 14:50:26 Útprintun 10:31:34

ÚTG. DAGS. ÚTGÁFUERILL HANNAÐ TEIKN. YFIRF.




Hvítárbraut 9, Grímsnes- og Gr. hr.  
805 Selfoss  
Fristundahús - Matshluti 01


Aðaluppdráttur  
Grunnmynd, útlit og snið  
Skýringar

| TEIKNINÚMUR    | BLADSTÆRD   | HANNAÐ:        |
|----------------|-------------|----------------|
| 103061         | A2          | TEIKNAD: SSt   |
| 01_0_01-02     |             | YFIRFARIÐ: ABH |
| DAGS.          | MÆLIK/VARÐI | ÚTGÁFA         |
| 16. apríl 2024 | 1:100       | A              |


Hönnuður: Anne B Hansen kt.270369 2439  
Hönnunarsjór:




**Grunnmynd mhl. 03**  
M 1:100




**Suðvestur hlið**  
M 1:100




**Suðaustur hlið**  
M 1:100



**Norðaustur hlið**  
M 1:100



**Norðvestur hlið**  
M 1:100



**Sneiðing**  
M 1:100

**Byggingarlýsing:**

Hvítárbraut 9, Grímsnes- og Grafingshreppi  
Frístundahús  
Matshluti 03  
Landeignanúmer: L169724  
Staðgreinir: 8719-1-88400090  
Lóðastærð: 10000m<sup>2</sup>

Um er að ræða frístundahús sem byrjað var að byggja árið 2018. Grunnflötur hússins er 41,3m<sup>2</sup>, á pallinum við húsið stendur einnig geymsluskúr 7,2m<sup>2</sup> að stærð.

Á lóðinni er einnig eldra frístundahús, mhl. 01, byggt 1973 og baðhús, mhl. 02, byggt 1988. Auk þess eru gróðurskýli og leikkofi á lóðinni. Umrætt frístundahús er timburhús með tvíhalla þaki og stendur á steypum undirstöðum.

**Undirstöður og gólf:**

Gólf er byggt upp með timburgólfbitum 45x145c/c400 sem lagðir eru lektum og spónaplötum. Einangrað er á milli bita með 150mm steinullareinangrun. Þvert undir gólfbitum eru dregarar 70x220c/c1500 sem standa á steinsteyptum undirstöðum.

**Útveggir:**

Útveggir eru byggðir upp úr timburgrind 45x145c/c600, einangrað er með 150mm steinullareinangrun á milli stoða, veggir eru klæddir að utan með krossvið, loftunargrind og lóðréttir timburklæðningu í brúnum lit. Að innan er rakavarnarlag, rafmagnsgrind og gifs/innhússklæðning/klæðning í flokki 2.

**Þak:**

Þak er byggt upp með tímursperrum 45x220c/c600 og mænisisbita. Einangrað er með 200mm steinullareinangrun á milli sperra, þak er klætt þakklæðningu, pappa og bárustáli. Að innan er rakavarnarlag, rafmagnsgrind og gifs/loftaklæðng.

**Innveggir:**

Innveggir eru byggðir upp með timburstoðum, einangraðir og klæddir gifsi og annarri innhússklæðningu.

**Gluggar og hurðir:**

Gluggar eru úr timbur prófílum með einangrunargleri. Hurðir úr timbri.

**Loftræsting:**

Loftræsting er um opnanleg fög í gluggum ásamt vélrænni loftræstingu.

**Lagnir:**

Hitaveita er á staðnum. Inntök eru staðsett í kassa utan á norðvestur gaffi hússins. Neyslu- og hitalagnir eru lagðar í veggjum. Húsið er hitað með vatnsfofum. Frárennslí er lagt í rotþró sem staðsett er vestan við húsið Raftlagnir er lagðar í rafmagnsgrind í loftum og í veggjum.

**Leiðnitap:**

Kólnunartölur skulu vera skv. leyfilegu hámarki byggingarreglugerðar, gr. 13.3.2.

**Reiknað U-gildi:**

Gólf ..... 0,26 W/M<sup>2</sup>K  
Útveggir ..... 0,26 W/M<sup>2</sup>K  
Gler og karmar ..... 1,95 W/M<sup>2</sup>K  
Hurðir ..... 1,95 W/M<sup>2</sup>K  
Þak ..... 0,20 W/M<sup>2</sup>K

**Rakapétting:**

Loftbil á bak við klæðningu veggja skal að lágmarki vera 20mm og skal loftun inn í bilið vera nægjanleg. Loftun þaks, loftunarop inn og út úr hverju loftbili skal vera minnst 1000 mm<sup>2</sup> fyrir hvern m<sup>2</sup> þakflatar. Niðurföll skulu vera í öllum votrymum.

**Brunavarnir:**

Reykskynjarar og handslökkvitæki skulu vera staðsett skv. gr. 9.4.3 og 9.4.4 í byggingarreglugerð. Reykskynjarar eru staðsettir í alrými og svefnrými. Flóttaleið er um inngangsdyr. Frá byggingunni er aðeins ein flóttaleið sem leiðir beint út undir bert loft. Heimilt er að ein flóttaleið sé frá notkunareiningu þegar um er að ræða lítið rými ætlað fyrir takmarkaðann fjölda. Í byggingunni er samtengt brunaviðvörðunarkerfi sem stuðlar að styttri uppgötvunartíma. Lengsta flóttaleið í eina átt er 8 metrar en má vera 12,5m (sem jafngildir 25m ef margfölduð með tveimur). Næsta slökkvistöð er á Selfossi í u.þ.b. 16km fjarlægð.

**Sorp:**

Losun á sorpi skal vera í samræmi við reglur og kröfur sveitarfélagsins hverju sinni.

**Vottun ofl.:**

Byggingarvörur skulu uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til þeirra s.s. staðla, reglugerðir og lagaákvæða um CE-merktar byggingarvörur.

Allur frágangur, efni og smíði hússins skal vera samkvæmt byggingarreglugerð.

**Helstu stærðir: (sjá skráningartöflu)**

Brúttóflatarmál húss ..... 41,3m<sup>2</sup>  
Brúttórúmmál húss ..... 144,6m<sup>3</sup>

**Skýringar á táknum:**

Noteininganúmer 0101

Rafmagnstafla T

Reykskynjari R

Slökkvitæki SL

Gólfniðurfall nf

Kótar 0,00 0,00



Vistað 15.4.2024 14:50:26 Útprintun 10:32:13

ÚTG. DAGS. ÚTGÁFUERILL HANNAÐ TEIKN. YFIRF.



**Hvítárbraut 9, Grímsnes- og Gr. hr.**  
805 Selfoss  
Frístundahús - Matshluti 03

**Aðaluppdráttur**

**Grunnmynd, útlit og snið**

**Skýringar**

| TEIKNINÚMUR    | BLADSTÆRD  | HANNAÐ:        |
|----------------|------------|----------------|
| 103061         | A2         | TEIKNAD: SSt   |
| 01_0_01-03     |            | YFIRFARIÐ: ABH |
| DAGS.          | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA         |
| 16. apríl 2024 | 1:100      | A              |

Hönnuður: Anne B Hansen kt.270369 2439

Hönnunarsjór: